

Húnaþing vestra
Skúli Þórðarson,
sveitarstjóri
Klapparstíg 4
530 Hvammstangi



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 2. apríl 2013
Tilvísun: UST20121100122/bs

Efnisvinnsla á Tagli í landi Bjarghúsa-Umsögn

Vísað er til bréfs Húnaþings vestra dags. 7. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirhugaða efnistöku í landi Bjarghúsa.

Í bréfi Vegagerðarinnar dags, 18. febrúar sl. og fylgdi ofangreindu erindi er ítarleg áætlun um efnistöku og frágang svæðisins að henni lokinni.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við áætlun Vegagerðarinnar. Stofnunin vill hins vegar benda á eftirfarandi:


Í erindi Vegagerðarinnar kemur fram að efnistaka á þessu svæði er ekki á aðalskipulagi sveitarfélagsins.


Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/210 er efnistaka framkvæmdaleyfisskyld sbr. einnig ákvæði IV. kafla laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

Samkvæmt 4. mgr. sömu greinar skal sveitarstjórn taka afstöðu til þess hvort framkvæmd er í samræmi við skipulagsáætlanir. Í 12. gr. laganna er síðan fjallað um skipulagsskyldu og að marka beri stefnu um landnotkun. Einnig ber að horfa til 34. gr. náttúruverndarlaga.

Alla jafnan ætti einnig að þurfa að deiliskipuleggja svæðið. Samkvæmt 5. mgr. 13. gr. laganna er þó sveitarstjórn heimilt að gefa út framkvæmdaleyfi án deiliskipulags en þá verður að fara fram grenndarkynning.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur

Afrit: Skipulagsstofnun